



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
Reykjavík

***Tillaga, dags. 4. desember 2017, til breytinga á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, ásamt minnisblaði dags. 4. desember 2017.***

Á fundi velferðarráðs þann 7. desember 2017 var lögð fram tillaga, dags. 4. desember 2017, til breytinga á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, ásamt minnisblaði dags. 4. desember 2017.

Tillagan var samþykkt.

Þetta er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindar reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

  
Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri





Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. desember 2017

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Tillaga:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu til breytinga á 2. gr., 7. gr., 9. gr., og á bráðabirgðaákvæði I í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016.

### Greinargerð:

Þær breytingar sem lagðar eru til á 2. gr., og 7. gr. er að í stað *Vinnumálastofnunar* er talað um *framkvæmdaaðila húsnæðisbóta* en með því er komið er til móts við þær breytingar sem gerðar voru á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Tillaga um breytingu á 9. gr. felur í sér að fella út niðurlagsákvæði greinarinnar sem felur í sér að ekki verði skylt að framkvæma árlegt endurmat á umsóknum þar sem endurskoðun er heimil hvenær sem er skv. 11. gr. reglnanna..

Þá eru lagðar til breytingar á bráðabirgðaákvæði I. Þar er lagt til að umsóknir einstaklinga sem eiga samþykka umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli eldri reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík) haldi gildi sínu á meðan skilyrði reglna þessara eru uppfyllt.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri





Reykjavík, 4. desember 2017  
VEL 2017020018  
321. fundur  
RÁ/bm/hjb

Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. desember 2017

## Minnisblað með tillögu til breytinga á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

Þann 17. október 2017 undirritaði félags- og jafnréttismálaráðherra reglugerð sem felur í sér breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur og í þeim breytingum felst að afgreiðsla húsnæðisbóta er færð frá Vinnumálastofnun til Íbúðalánasjóðs. Því er lagt til að ekki sé lengur getið um Vinnumálastofnun í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning heldur verði í stað þess getið um framkvæmdaraðila húsnæðisbóta.

Lagt er til að niðurlagsákvæði 9. gr. verði fellt úr reglunum og ekki verði skylt að framkvæma árlegt endurmat á umsóknum. Samkvæmt 11. gr. reglnanna skal skilyrðum reglnanna vera fullnægt þann tíma sem sérstakur húsnæðisstuðningur er greiddur og heimilt er að endurskoða rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings hvenær sem er og endurreikna fjárhæð hans.

Samkvæmt nógildandi bráðabirgðaákvæði I í reglum um sérstakan húsnæðisstuðning fellur bráðabirgðaákvæði I úr gildi þann 31. desember 2017. Í bráðabirgðaákvæðinu segir að á árinu 2017 muni velferðarsvið Reykjavíkurborgar boða umsækjendur sem eigi samþykka umsókn um sérstakar húsaleigubætur í viðtal þar sem leggja skal fram umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning. Þá yrði kannað hvort umsóknin uppfyllti skilyrði 3. gr. og framkvæmt mat á félagslegum aðstæðum sbr. 3. gr. og matsviðmið reglnanna. Á fyrri hluta ársins 2017 var unnið gerð nýs tölvukerfis vegna sérstaks húsnæðisstuðnings. Starfsfólk þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar var undir miklu álagi þar sem ekki var unnt að afgreiða nýjar umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning þar sem tölvukerfið var ekki fullbúið. Því hefur ekki verið unnt að boða einstaklinga sem áttu gildar umsóknir um sérstakar húsaleigubætur í viðtal og framkvæma það mat sem áskilið er í bráðabirgðaákvæði I í reglunum. Er því lagt til að umsóknir einstaklinga sem eiga samþykka umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík) haldi gildi sínu á meðan skilyrði reglna þessara eru uppfyllt.





Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016.

Núgildandi 2. mgr. 2.gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er svohljóðandi:

**2. gr.**  
**Umsókn**

.....

*Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattfyrvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.*

Lagt er til að 2. mgr. 2.gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

**2. gr.**  
**Umsókn**

.....

*Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem framkvæmdaraðila húsnæðisbóta, skattfyrvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.*

Núgildandi 7. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er svohljóðandi:

**7. gr.**  
**Frestun greiðslna**

*Þegar um er að ræða frestun á greiðslu húsnæðisbóta frá Vinnumálastofnun skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá Vinnumálastofnun. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.*

*Í framangreindum tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.*

Lagt er til að 7. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:





## 7. gr.

### Frestun greiðslna

Þegar um er að ræða frestun á greiðslu húsnæðisbóta frá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

Í framangreindum tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

Núgildandi 9. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er svohljóðandi:

## 9. gr.

### Endurnýjun umsóknar

Til þess að viðhalda gildi umsóknar þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg. Við endurnýjun umsóknar skal kanna hvort skilyrðum 3. gr. reglna þessara sé fullnægt.

Lagt er til að 9. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

## 9. gr.

### Endurnýjun umsóknar

Til þess að viðhalda gildi umsókna þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg. ~~Við endurnýjun umsóknar skal kanna hvort skilyrðum 3. gr. reglna þessara sé fullnægt.~~

Núgildandi bráðabirgðaákvæði I í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er svohljóðandi:

I. Þær umsóknir um sérstakar húsaleigubætur sem í gildi eru við gildistöku reglna þessara munu gilda áfram og fyrsta greiðsla á grundvelli þeirra umsókna mun fara fram þann 1. febrúar 2017. Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings sem greidd verður í fyrsta sinn þann 1. febrúar 2017 byggist á ákvæðum reglna þessara. Á árinu 2017 mun velferðarsvið Reykjavíkurborgar boða umsækjendur sem eiga samþykka umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík) í viðtal. Leggja skal þar fram umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt reglum þessum. Kanna skal hvort umsókn uppfylli skilyrði 3. gr. og framkvæma skal mat á félagslegum aðstæðum sbr. 3. gr. og matsviðmið með reglum þessum. Samkvæmt 9. gr. reglna þessara skal fara fram mat á 12 mánaða fresti og miðast upphaf frestsins við dagsetningu umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt reglum þessum. Ákvæði þetta fellur úr gildi þann 31. desember 2017.

Lagt er til að bráðabirgðaákvæði I í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

I. ~~Umsóknir einstaklinga sem eiga samþykka umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar~~



*húsaleigubætur í Reykjavík) halda gildi sínu á meðan skilyrði reglna þessara eru uppfyllt.*

### **Niðurstaða:**

Þær breytingar sem lagðar eru til varðandi reglur um sérstakan húsnæðisstuðning og vísa til framkvæmdaraðila húsnæðisbóta í stað Vinnumálastofnunar fela í sér að komið er til móts við þær breytingar sem gerðar voru á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Auk þess felur framangreint orðalag í sér að ekki er nauðsynlegt að breyta reglum um sérstakan húsnæðisstuðning á ný hvað þetta varðar ef framkvæmd húsnæðisbóta er flutt til annarrar stofnunar.

Lagt er til að ekki verði skylt að framkvæma árlegt endurmat á umsóknum þar sem endurskoðun er heimil hvenær sem er skv. 11. gr. reglnanna.

Þá er lagt til að umsóknir einstaklinga sem eiga samþykka umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík) haldi gildi sínu á meðan skilyrði reglna þessara eru uppfyllt.

